

# Fundargerð 448. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 16. desember kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason í gegnum fjarfundarbúnað, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 447. fundar - 2110003HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 447. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. nóvember 2022.

**2. Breyting á framkvæmd landamæraeftirlits - 2212002HA**

Lögð fram glærुकynning frá Jóni Pétri Jónssyni, sviðsstjóra alþjóða- og landamærasviðs Ríkislögreglustjóra og Jóhanni Karli Þórssyni, deildarstjóra landamæradeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Formaður gerði grein fyrir málinu en um er að ræða innleiðingu á „snjalllandamærum“ sem Ísland þarf að innleiða vegna aðildar sinnar að Schengen samstarfinu. Tilgangurinn er að tryggja öruggari og skilvirkari framkvæmd landamæraeftirlits á ytri landamærum. Jafnframt að styrkja löggæsluyfirvöld í baráttunni við alvarlega glæpi og hryðjuverkastarfsemi.

**3. Komur farþegaskipa - 2212003HA**

Lögð fram til kynningar fréttatilkynning Cruise Iceland, dags. 14. desember, sem send var út í framhaldi af yfirlýsingu fráfarandi ferðamálastjóra um komur farþegaskipa.

*Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir þau atriði sem fram koma í fréttatilkynningu Cruise Iceland frá 14. desember sl. vegna gagnrýni fráfarandi ferðamálastjóra á komur farþegaskipa til landsins. Jafnframt vekur stjórnin athygli á því að þessar skipakomur skila verulegum tekjum í þjóðarbúið. Þær tekjur dreifast vítt og breytt um landið og þjónusta við farþegaskip og farþega þeirra hefur jafnframt skapað umtalsverð umsvif í ferðaþjónustu á öllum landssvæðum.*

**4. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA**

Formaður gerði grein fyrir málinu en vonir standast til að klára veiðafæramálin fyrir áramót.

**5. Mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi - 2212004HA**

Lagt fram minnisblað Eflu hf., dags. 23. nóvember 2022, um mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi, sem unnið var fyrir Hafnasamband Íslands.

Stjórn hafnasambandsins þakkar fyrir erindið en telur ekki rétt að fara í þetta verkefni að svo stöddu.

**6. Verkefnakort hafnasambandsins 2023 - 2102003HA**

Lagt fram að nýju verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021 en til stendur að uppfæra það fyrir árið 2023.

**7. Beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála - 2212001HA**

Lagt fram bréf umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2022, um beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Hönnu Björgu Konráðsdóttur frá Reykjaneshöfnum í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála og Alexöndru Jóhannesdóttur hafnarstjóra Skagastrandarhafnar til vara.*

**8. Ferðakostnaður og laun fyrir fundarsetu - 2211001HA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra hafnasambandsins, dags. 14. desember 2022, um greiðslur ferðakostnaðar og fyrir setu í stjórn hafnasambandsins.

*Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um að kjör stjórnarmanna séu óbreytt nema með þeirri breytingu að kjör aðal- og varafulltrúa verða jöfnuð og að greitt verði fyrir setinn fund.*

**9. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA**

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþings sem haldið var í Ólafsvík 27. og 28. október 2022.

Fundi var slitið kl. 14:00